



Fræðslunetið sýmenntun á Suðurlandi

122. fundur í stjórn FSS, Fræðslunetsins – sýmenntunar á Suðurlandi, 09. júní 2016 kl.17.00, í Fjölheimum

Mætt: Sigursveinn Sigurðsson formaður, Laufey Ósk Magnúsdóttir varaformaður, Þór Hreinsson, Magðalena K. Jónsdóttir og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

1. Minnisblað frá JP lögmönnum vegna kröfu Fræðslunetsins í þrotabú Landsbankans. Minnisblað tekið til umræðu og ákveðið að fara að ráðum JP lögmanna og falla frá umræddri kröfu. Ástæður eru fordæmisgefandi mál sem hafa tapast og fyrirséður mikill kostnaður við að halda kröfunni til streitu, í versta falli rúmlega tvöfalt virði kröfunnar.
2. Starfsmannabreytingar.
Margrét Gauja Magnúsdóttir hefur sagt upp störfum. Hún var í 50% starfi á Höfn. Rætt hvað skyldi gera með hennar stöðu í framhaldinu og samþykkt tillaga frá Eyjólfri að hækka starfshlutfall Eyrúnar um 30% og láta 20% liggja á milli hluta, ekki ráða í það í bili.
Ræddar yfirvofandi breytingar á ritarastarfi á Selfossi með haustinu.
Framkvæmdastjóra falið að vinna hugsanlegar breytingar í samvinnu við Háskólafélagið.
3. Námsframboð vottaðra námsleiða haustið 2016.
Námsleiðar kynntar og stjórn hrósar auglýsingu Fræðslunetsins á vottuðum námsleiðum.
4. Staða Fræðslunetsins varðandi sóknaráætlun SASS og miðsvæðið.
Eyjólfur kynnir stöðu Fræðslunetsins á samstarfi við SASS og að óvissa er um fjármögnun starfsmanns Fræðslunetsins á miðsvæðinu.
5. Ýmsar fréttir frá framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri fór yfir vel heppnaðar útskriftir á Höfn og á Selfossi, höfnun á þróunarstyrkjum, heimsókn Fjölmenntar, samstarf við aðrar sýmenntunarstöðvar, vinnu með fyrirtækjum og sveitarfélögum og kynnti bréf frá Háskólafélagi Suðurlands, sem verður afgreitt á næsta fundi stjórnar.



Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi

Fundi slitið kl. 18.15

Fundargerð ritaði Laufey Ósk Magnúsdóttir